

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016,254. fundur föstudaginn 4. nóvember 2016 var haldinn 254. fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 12.00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sverrir Óskarsson, Einar Birkir Einarsson, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á árshlutauppgjör félagsins janúar-september 2016
Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.
Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó staðfestu uppgjörið með undirritun sinni á fundinum.
2. Lögð fram drög að fjárhags- og starfsáætlun 2017-2021.
Frestað.
3. Lögð fram drög að samantekt stjórnar um framtíðarstefnumótun í leiðakerfi Strætó.
Samþykkt að senda drögin til umsagnar hjá umhverfis-, samgöngu- og skipulagssviðum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
4. Fram fer umræða um betra aðgengi fyrir alla að stoppistöðvum Strætó.
Samþykkt að óska eftir þátttöku hagsmunaaðila og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í starfshópi um bætt aðgengi að stoppistöðvum Strætó. Starfshópur yfirfari fyrirbyggjandi hönnunarviðmið Strætó fyrir stoppistöðvar og skili stjórn tillögum að úrbótum eigi síðar en 31. mars 2017.

Fundi slitið kl. 14.00

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sverrir Óskarsson
Bryndís Haraldsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Einar Birkir Einarsson
Gunnar Valur Gíslason